



Ársskýrsla 2011-2012

Litla Lúðró

Þverflauta	Eydís Bára Ómarsdóttir Margrét Lilja Einarsdóttir Theodóra Björk Ægisdóttir Viktoría Sif Guðmundsdóttir Íris Rós Heimisdóttir (frá nóvember) María Rún Halldórsdóttir (frá nóvember)
Klarinett	Emilía Ósk Guðmundsdóttir (frá nóvember)
Kornett	Valdimar Hannes Lárusson
Básúna	Rúna Birna Jóhannesdóttir (frá nóvember) Salvör Mist Sigurðardóttir
Píanó	Sara Rós Róbertsdóttir
Gítar	Hraundís Lilja Pálsdóttir (frá október)
Slagverk	Jóel Bjarki Sigurðarson Haraldur Björgvin Helgason Tómas Helgi Baldursson

Þeir sem hætta í Litlu Lúðró sumarið 2011:

Sveinn Ágúst Óskarsson, trommur
Valdimar Ólafsson, althorn
Samúel Alan Hafþórsson, gítar, hætti í október.

Stóra Lúðró

Altflauta	Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir
Pverflauta	Aníta Rún Sæþórsdóttir (bara í einstökum verkefnum) Björg Brimrún Sigurðardóttir Jóhanna Ómarsdóttir (bara hausttónleikar)
Óbó	Gunnar Þorgeirsson
Klarinett	Anna Soffía Lárusdóttir Árþóra Ingibjörg Álfgeirsdóttir Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Thelma Ólafsdóttir
Altsax.	-
Tenorsax.	Högn Ósk Álfgeirsdóttir (frá nóvember)
Kornett	Anna Lind Særúnardóttir Rebekka Rán Karlsdóttir
Trompet	Halldóra Kristín Lárusdóttir Haukur Páll Kristinsson (í leyfi) Leifur Harðarson
Franskt horn	Elin Sóley Reynisdóttir
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir
Barítónhorn	Lárus Á. Hannesson (bara jóla- og vortónleikar)
Túba	Hafsteinn Helgi Daviðsson
Píanó	Jónína Riedel
Gítar	Hekla Fönn Dórudóttir (frá nóvember)
Rafbassi	Benedikt Óskarsson
Slagverk	Birkir Freyr Júlíusson Eyþór Óskarsson, fyrirliði Hinrik Þór Þórisson Jón Grétar Benjamínsson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Stafspil	Þórhildur Hólmgeirsdóttir

Þeir sem hætta í lúðrasveitinni haustið 2011:

Silja Katrín Daviðsdóttir, flauta
Guðrún Erla Ólafsdóttir, trompet
Jósep Ó. Blöndal, básúna
Anna S. Melsteð, túba

Víkingasveitin

Víkingasveitin byrjaði sem málmblásarakvintett í nóvember. Seinna bættust við fleiri hljóðfæri. Hér má sjá hverjir voru í sveitinni þennan vetur. Þeir nemendur sem merkt er við voru líka í Fjölbautarskóla Snæfellinga (FSn) og tóku þátt í valverkefni sem fólst í að spila með *Stórsveit Snæfellsness*. Stórsveit Snæfellsness er stórsveit (bigband) undir stjórn Baldurs Orra Rafnssonar. Í stórsveitinni voru nemendur frá öllu Snæfellsnesi.

Trompet Halldóra Kristín Lárusdóttir
Leifur Harðarson*
Rebekka Rán Karlsdóttir

Franskt horn Elín Sóley Reynisdóttir*

Básúna Hrefna Rós Lárusdóttir*

Túba Hafsteinn Helgi Daviðsson

Píanó Jónína Riedel

Gítar Jón Glúmur Hólmgeirsson

Bassi Friðrik Örn Sigbórsson

Trommur Eyþór Óskarsson
Hinrik Þór Þórisson

Trommusveit

Trommusveit Stykkishólms æfði reglulega þennan vetur undir stjórn Hafþórs og Martins. Sveitin fór sem fulltrúi skólans á svæðishátíð Nótunnar sem haldin var á Akranesi 10. mars. Þar vann sveitin sérstök verðlaun og var valin til að fara fyrir hönd Vesturlands og Vestfjarða á lokahátíð Nótunnar í Hörpu sunnudaginn 18. mars. Þar fékk sveitin verðlaun og fór þess vegna í sjónvarpsupptöku ásamt öðrum verðlaunahöfum.

Þeir sem voru í trommusveitinni:

Birkir Freyr Júlíusson bassatromma
Eyþór Óskarsson tritoms
Haraldur B. Helgason sneriltromma
Hinrik Þór Þórisson sneriltromma
Jón Grétar Benjamínsson cymbalar

Ný hljóðfæri

Í október var kornett (Yamaha YCR-2310II) keypt í staðinn fyrir hljóðfæri sem týndist sumarið 2011. Keyptir voru líka gítar- og bassamagnarar sem eru notaðir í æfingasal lúðrasveitarinnar.

Starfsárið 2011-12

Martin Markvöll kom aftur eftir tveggja ára leyfi. Hjálmar Sigurbjörnsson sem leysti hann af för til annarra starfa í Kópavogi.

31. ágúst – Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

1. september – Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

14. – 15. október – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Hópæfingar, kvöldmatur og samæfing á föstudag. Gunnar Þorgeirsson, Hafþór S. Guðmundsson og Martin voru kennarar á föstudag.

Á laugardag var samæfing og tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem æfð voru: *Marsbúa cha-cha*, *Viva la Vida*, *Fix You*, *The Kraken*, *Novena*, *Valdresmarsj* og *Pachelbels Canon*.

22. október – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Klukkan 17:00 voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem æfð voru: *Kóngurinn kemur*, *Rokk*, *Stykkishólmur*, *An die Freude*, *Nem Kuela* og *Sultublús*.

1. nóvember – fyrsta æfing hjá ”nýju” Víkingasveitinni

Æfð voru þrjú kvintettverk. Í sveitinni voru Halldóra K. Lárusdóttir og Leifur Harðarson (trompet), Elín Sóley Reynisdóttir (horn), Hrefna Rós Lárusdóttir (básúna). Martin spilaði með á túbu.

17. nóvember – Hausttónleikar

Litla Lúðró hélt tónleika í leikskólanum fyrir hádegi. Báðar sveitirnar spiluðu á hausttónleikum á Hótel Stykksihólmi kl. 19:00. Jóhanna Guðmundsdóttir bauð gesti velkomna. Martin stjórnaði og sá um kynningar.

Litla Lúðró spilaði:

Kóngurinn kemur, *Rokk*, *Stykkishólmur*, *Nem Kuela*, *An die Freude* & *Sultublús*

Stóra Lúðró spilaði:

Pachelbels Canon, *Valdresmarsj*, *Marsbúa cha-cha*, *The Kraken*, *Viva la Vida*, *Fix You* & *Novena*

18. nóvember – Skólatónleikar

Báðar sveitirnar spiluðu á skólatónleikum fyrir GSS á Hótel Stykkishólmi. Efniskrá var sú sama og 17. nóvember.

24. nóvember – Aðalfundur foreldrafélagsins

Ný stjórn var kosin: Helga B. Marteinsdóttir, Helga Kristín Högnadóttir og Ingibjörg G. Sveinsdóttir. Fjallað var um fjáröflunar- og búningamál.

2. desember – kveikt á jólatrénu

Málmblásarar, bassi og trommur sáu um að spila nokkur létt jólalög og þar á meðal norska jólagagið *Vi tenner våre lykter*. Veðrið var mjög gott!

4. desember – jólabasar kvenfélagsins

Víkingasveitin spilaði nokkur jólalög. Fram komu einnig nemendur úr öðrum deildum tónlistarskólans.

11. desember – Aðventustund á Helgafelli

Elín Sóley, Halldóra Kristín, Hrefna Rós og Leifur spiluðu jólatónlist ásamt kennurunum Hafþóri (trommur), Hólmgæiri (rafbassi) og Martin (rafgítar).

15. desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans á Hótel Stykkishólmi

Fram komu báðar lúðrasveitirnar. Litla Lúðró spilaði *Jólasveinar ganga um gólf, Bráðum koma blessuð jólin og Bjart er yfir Betlehem*. Stóra Lúðró spilaði *Jólin alls staðar, Ó, helga nótt* (einsöngur Halla Dís Hallfreðsdóttir) og *Snjókorn falla*.

12. febrúar – Skólahljómsveit Akraness í heimsókn

Skólahljómsveit Akraness undir stjórn Halldórs Sighvatssonar kom í heimsókn til Stykkishólms og hélt tónleika í Stykkishólmskirkju. Lúðrasveitin okkar átti að taka þátt í tónleikunum, en það voru of margir sem komust ekki þannig að við urðum að hætta við. Þeir sem *komust* hlustuðu á tónleikana og spiluðu með í einu lagi, *Waka Waka*.

25. febrúar – Dagur tónlistarskólanna

Tónlistarskólinn hélt upp á *Dag tónlistarskólanna* með tónleikum í kirkjunni. Litla Lúðró spilaði *Sultublús*. Trommusveitin spilaði *Slagverksbræðing (Rock, Classic og Samba)* og fór síðan sem fulltrúi skólans á svæðistónleika *Nótunnar* á Akranesi.

10. mars – Nótan 2012, svæðistónleikar á Akranesi

Trommusveitin spilaði *Slagverksbræðing (Rock, Classic og Samba)* og fékk verðlaun fyrir framúrskarandi samspil á grunnstigi og var valin til að fara á lokahátíð Nótunnar í Reykjavík. Baldur O. Rafnsson tók að sér að aðstoða sveitina á Akranesi, því kennarar skólans voru allir við jarðarför Hafsteins Sigurðssonar.

16. – 17. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Hefðbundnar æfingabúðir í tónó sem lauk með tónleikum fyrir fjölskyldu og vini á laugardeginum.

18. mars – Nótan 2012, lokahátíð í Hörpu

Trommusvetin spilaði *Slagverksbræðing (Rock, Classic og Samba)* og fékk verðlaun fyrir framúrskarandi samspil á grunnstigi. Víkingasveitin kom fram í hléinu og sló í gegn með afrískum danssporunum í *Amovolovolo*.

19. mars – Nótan 2012, sjónvarpsupptaka

Trommusveitin fór ásamt öllum verðlaunahöfum lokahátíðar Nótunnar í sjónvarpsupptöku í Hörpu. Eftir upptökuna fór hópurinn ásamt kennurum, fararstjórum og bílstjórum á *Hamborgarafabrikuna* að gera sér glaðan dag.

10. apríl – Aðalfundur SÍSL

Fundurinn var haldinn í Kópavogi og Martin mætti þangað.

14. apríl – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Hefðbundnar æfingabúðir í tónó sem lauk með tónleikum fyrir fjölskyldu og vini.

26. apríl – Vortónleikar lúðrasveitarinnar féllu niður

Margt varð til þess að tónleikarnir féllu niður. Okkur gekk ekki nógu vel að æfa okkur eftir páskafríð og það voru of margir hljóðfæraleikarar sem komust ekki á tónleikadaginn og okkur tókst ekki að finna heppilegan dag í staðinn.

27. – 29. apríl – Litla Lúðró á landsmót SÍSL á Akureyri

Tólf krakkar og sex fullorðnir fóru með; *Jóel Bjarki, Haraldur, Hraundís Lilja, Margrét Lilja, Rúna Birna, Salvör Mist, Sara Rós, Sigurður, Theodóra, Vaka, Valdimar og Viktoría* ásamt *Martin, Anna Melsteð, Halla Dís Hallfreðsson, Sigurður Bjarnason, María Jónasdóttir og Lárus Hanneson*. Fleiri foreldrar voru með í ferðinni en gistu í bústað.

1. maí – Víkingasveitin á Verkalýðshátíðinni

Víkingasveitin spilaði nokkur lög, m.a. *Internationalinn*, á Verkalýðshátíðinni sem var haldin á Hótel Stykkishólmi.

1. maí – Tónleikar með Stórsveit Snæfellsness í sal tónlistarskólans

Víkingasveitin spilaði líka nokkur lög; *Dembeza* og *I Feel Good*.

16. maí – Hljóðfærakynning í sal tónlistarskólans

Litla Lúðró bauð yngri nemendum grunnskólans á tónleika og hljóðfærakynningu í sal tónlistarskólans. Eftir stutta tónleika fengu gestirnir að prufa öll hljóðfæri lúðrasveitarinnar. Nokkrir félagar úr stóru lúðró aðstoðuðu við þetta.

17. maí – Skólaslit tónlistarskólans

Litla Lúðró spilaði *Þakklæti* og *We Will Rock You*, Trommusveitin spilaði *Eldhress* og *Bar One* og Víkingasveitin spilaði *I Got You, Isn't She Lovely* (í útsetningu Halldóru Kristínar Lárusdóttur) og *Amavolovolo*.

2. júní – Þvottadagur

Allir málmblásarar og trommuleikarar voru boðaðir, flestir komu. Hljóðfærin voru böðuð og þússuð. Á meðan þau voru í baði voru krakkarnir í sólbaði og nammiveislu.

2. - 3. júní – Sjómannadagur og heimsókn frá Noregi

Laugardaginn 2. júní kom norska lúðrasveitin Dønnahorn í heimsókn. Stjórnandinn hennar heitir Stein Ivar Mortensen og í hópnum voru 40 hljóðfæraleikarar og foreldrar. Jóhanna Guðmundsdóttir fór til Keflavíkur með rútunni sem sótti hópinn og fylgdi þeim til Stykkishólms. Rútubilstjóri var Hörður Sigurðsson.

Dønnahorn kom til Stykkishólms um kvöldmatarleytið og þar beið sveitin okkar eftir þeim í tónlistarskólanum og bauð þau velkomin. Bæði LL, LS, Trommuveitin og Víkingasveitin spiluðu eitt lag hver til að kynna sig fyrir gestunum. Eftir þetta var borðað í mótuneyti grunnskólans þar sem foreldrafélagið okkar sá um matseld. Hópurinn gisti í farfuglaheimilinu á Höfðagötu 1.

Sunnudaginn 3. júní (sjómannadaginn) hittumst við öll í sal tónlistarskólans. Þar var æft þangað til farið var í skrúðgöngu niður að höfn. Áður en lagt var af stað spiluðu sveitirnar nokkur lög fyrir utan dvalarheimilið. Við höfnina spiluðu sveitirnar bæði saman og hver fyrir sig. Eftir þetta fóru norðmennirnir í siglingu með Baldri.

Klukkan 18:00 voru svo tónleikar í Stykkishólmskirkju.

- Dønnahorn spilaði *Emil i Lønneberget*, *Hedwigs Theme*, *Seven Blue Sisters*, *Celebration* og *Pirates of Caribbean*.
- Lúðrasveit Stykkishólms spilaði *Pata Pata*, *4:33* og *Vidda*.
- Saman spiluðum við *Öxar við ána*, *Maistjarnan*, *Hafið*, *bláa hafið*, *Dovregubben i Valdres* og *Fláklypa Grand Prix*.

Mánudaginn 4. júní marseraði Dønnahorn niður Skólastig og spilaði á plássinu á milli Norska Hússins og bókasafnsins. Eftir hádegi fóru svo norðmennirnir á hestbak hjá Lárusi Hannessyni áður en þeir fengu að smakka íslenskan mat í tónó.

Þriðjudaginn 5. júní fór Dønnahorn með rútu suður til Reykjavíkur en Martin og Hafsteinn Helgi Daviðsson fóru með sem leiðsögumenn og aukaspilarar. Í ferðalaginu var m.a. spilað á Þingvöllum og Geysi.

17. júní – Þjóðhátíðardagur

Stóra Lúðró og Trommusveitin tóku þátt í skrúðgöngu frá tónlistarskólanum, niður Skólastig, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Þar lék lúðrasveitin nokkur lög; *Öxar við ána*, *Madiba Jive* og *Ó, Guð vors lands*. Auk þess kom trommusveitin fram í skemmtidagskrá og spilaði *Eldhress* og *Bar One*.

Auk þess hefur...

- Litla Lúðró æft frá 15:15 - 15:55 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:44 á hverjum fimmtudegi.
- Trommusveitin æft u.þ.b. annan hvern þriðjudag.
- FSn-sveitin æft á miðvikudögum í Tónlistarskóla Grundarfjarðar

Martin Markvoll

Stykkishólmur, 17. september 2012